



Reykjavík 10.6.2021

Skipulags og umhverfisvið
b.t. Sigurðar Páls Harðarsonar
Stíllholti 16-18
300 Akranes

Efni: AKR: Flóahverfi, tenging við hreinsistöð – Umsókn um framkvæmdarleyfi

Veitur eru að undirbúa tengingu á fráveitulögnum í Flóahverfi við hreinsistöðina í Kalmansvík og byggingu á skólpdælustöð í Flóahverfi sem mun dæla skólpi eftir nýrri fráveitulögn.

Lögð verður 250 mm þrýstilögn fyrir skólpu um 1.000 m leið frá Flóahverfi að Haushúsatorgi þaðan sem lögð verður 450 mm sjálfrennslislögn um 470 m leið að núverandi fráveitukerfi fyrir ofan tjaldsvæðið. Lögð verður regnvatnslögn ásamt rafstrengjum um 110 m leið vestur af skólpdælustöðinni þar sem settur verður upp dælubrunnur fyrir regnvatn, sem mun dæla regnvatni upp í skurðakerfið á svæðinu.

Samhliða vinnu við lagningu á nýrri fráveitulögn frá Flóahverfi verður tækifærið notað til að leggja í sama skurð kaldvatnslögn um 300 m leið svo unnt sé að ljúka ákveðinni hringtengingu á svæðinu, sem mun auka rekstraröryggi kaldvatnsveitu og sveigjanleika kerfisins þegar upp koma bilanir. Einnig verður lagður fyrsti hluti stofnlagnar fyrir bakrás hitaveitu í sama skurð, um 700 m leið í átt að hitaveitugeymunum fyrir Akranesbæ sem eru staðsettir fyrir ofan Flóahverfi, til uppblöndunar bakrásar við heitt framrásarvatn.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist í ágúst 2021 og að þeim ljúki haustið 2022.

Jafnframt er óskað eftir að sett verði kvöð um lagnaleiðina og Veitum heimiluð umferð með lögnum til að líta eftir og halda þeim við, auk þess til endurnýjunar að hluta eða öllu leyti. Ekki verði heimilað að byggja mannvirki ofan á lagnaleiðinni.

Sótt verður um byggingarleyfi fyrir dælustöðinni sem verður um 60 m² að stærð á um 700 m² lóð.

Sé óskað frekari upplýsinga hafið þá samband við Þórð Ásmundsson verkefnisstjóra hjá Veitum í síma 617-2732 eða með tölvupósti á netfangið y.thordur2@veitur.is.

Virðingarfyllst,
Þórður Ásmundsson

Fylgiskjöl

- 020-EFU-0001-Verkmörk framkvæmdar
- 5114- 192-10-DSK-001-V01-Deiliskipulagsuppráttur dælustöðvar
- 720-EFU-0001-Teikningar af dælustöð
- 720-EFU-0002-Teikningar af dælustöð

